

Fundargerð svæðisráðs 20.6.2017 – haldinn að mestu á Þverá

Mættir: Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Erla Ívarsdóttir og Fanney Ásgeirsdóttir. Heiða Guðmundsdóttir og Hákon Gunnarsson boðuðu forföll.

Jóna Björk Jónsdóttir sat einnig fundinn að beiðni ráðsins.

Dagskrá fundar:

Skoðunarferð um Heiði og Fjaðrárgljúfur

- Jóna Björk Jónsdóttir, formaður Umhverfis og náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps og tengiliður Framkvæmdahóps um uppbyggingu ferðamannastaða í Skaftárhreppi, fór með Svæðisráðinu inn að Heiði og upp með Fjaðrárgljúfri. Hún fór yfir sögu uppbyggingar við gljúfrið, sýndi okkur þau mannvirki sem þar eru nú þegar og fyrirhugaðar framkvæmdir.

Framhaldsfundur á Þverá

- Jóna Björk kynnti svæðisráði nýjar fjöldatölur úr Fjaðrárgljúfri og bréf sem Framkvæmdahópur um uppbyggingu ferðamannastaða í Skaftárhreppi sendi til umhverfisráðherra varðandi Heiði. Þar er hvatt til að: Ríkið nýti forkaupsrétt sinn að jörðinni Heiði samkvæmt 36. grein laga um náttúruvernd nr 60/2013. Unnið verði að því í samstarfi við landeigendur að Fjaðrárgljúfur verði friðlýst og heilsárs landvarsla verði við Fjaðrárgljúfur til að tryggja að unnið verði að forvörnum, öryggi gesta aukið og viðhaldi innviða sinnt. (Bréfið og niðurstöður talninga fylgja fundargerð)
- Svæðisráð tekur undir þau rök sem fram koma í bréfinu og bendir einnig á að jörðin myndar hlið inn í Vatnajökulsþjóðgarð þar sem Lakavegurinn liggur meðfram Fjaðrárgljúfri. Upplýsingagjöf og fræðsla, bílastæði, hreinlætisaðstaða og annað sem byggt yrði upp myndi tvímælalaust nýttast afar vel bæði til að bregðast við vaxandi ferðamannastraum að gljúfrinu og til að ná til þeirra sem ætla að halda áfram inn í Lakagíga. Óskastaðan væri því að Heiði yrði hluti af þjóðgarðinum og þannig væri hægt að vinna áfram að uppbyggingu og verndun þessa dýrmæta svæðis í einni heild.
- Væntaleg heimsókn umhverfisráðherra er dagsett 26. júlí nk, tíma- og staðsetning er ekki alveg komin á hreint. Ráðherra vill gjarnan hitta þjóðgarðsvörð og þá sem eiga heimangengt af svæðisráði. Fanney verður í sambandi við Steinar Kaldal, aðstoðarmann ráðherra, varðandi undirbúning.

Skoðunarferð um hluta af landi Þverár

- Ásta Davíðsdóttir landvörður hjá UST og heimamaður á Þverá fór með fundarmenn í skoðunarferð. Mál Þverár eru nú þegar í ákveðnum farvegi, hjá stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs og svæðisráð væntir þess að fá að fylgjast með þeirri þróun.

Önnur mál, svæðisráðið hvetur þjóðgarðsvörð til að taka upp aftur útgáfu fréttabréfs á Vestursvæði, sem legið hefur niðri undanfarin ár. Stefnt er að því að gefa út tölublað í sumar.

*Fanney Ásgeirsdóttir
Þjóðgarðsvörður*